



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Síða 1 af 2		
<b>Áfangalýsing DANB1FB00</b>		

<b>Búið til – útg.</b>	20. okt. 2017 – 1. útg
<b>Námsgrein</b>	Danska
<b>Titill</b>	Danska 2 á framhaldsskólabraut
<b>Skammstöfun</b>	DANB1FB00
<b>Viðfangsefni</b>	Danska
<b>Staða áfanga</b>	Samþykkt af skóla
<b>Þrep áfanga</b>	1
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	0
<b>Lýsing áfanga</b>	<p>Þetta er grunnáfangi 2 í dönsku. Orðaforðinn er aðeins flóknari en í áfanganum á undan. Farið verður meira í undantekningar í málfræði. Nemendur æfa sig í málfræði og nota hana í ritun. Færniþættirnir fjórir verða þjálfaðir áfram með efni sem hentar nemendum á A1 og leitast verður við að þyngja efnið aðeins. Nemendur lesa lengri texta sem þó eru á auðveldu máli. Þeir hlusta á efni um kunnuglega hluti og skrá athugasemdir hjá sér. Nemendur rita lengri texta og þjálfast enn betur í að nota orðabækur sér til stuðnings. Þeir segja frá efni sem þeim er tengt eða er kunnugt og þjálfast líka í samræðum um einfalt efni á dönsku.</p>
<b>Forkröfur áfanga</b>	DANA1FB05
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins</li> <li>• grunnreglum í danskri málfræði auk algengustu undantekninga</li> <li>• hvernig netorðabækur nýtast honum í námi</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesa einfalda texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni</li> <li>• skilja innihald talaðs máls um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega</li> <li>• taka undirbúinn þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	<b>Áfangalýsing DANB1FB00</b>	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifa samfelldan texta um efni sem hann hefur kynnt sér eða hefur áhuga á</li> <li>• fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál og beita rétttri málfræði eftir bestu getu</li> <li>• nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli ef talað er skýrt og áheyrilega</li> <li>• fylgjast með frásögnum í fjölmiðlum ef efnið er áhugavert</li> <li>• lesa stuttar tímarits- eða blaðagreinar</li> <li>• tjá sig munnlega um efni sem honum finnst áhugavert og hefur undirbúið sig fyrir</li> <li>• skrifa skrifa stutta samantekt um málefni sem hann hefur kynnt sér</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	